

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Suðurverk hf

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir Patreksfirði

520885-02149

Til að starfrækja: *Vinnubúðir með móttuneyti fyrir 20 starfsmenn, viðgerðarverkstæði eigin véla, efnisvinnslu og steinmölun*
Fastanúmer fasteignar:

Nafn rekstraraðila: Suðurverk hf

Kennitala rekstraraðila: 520885-02149

Útgáfudagur: xx.xx. 20xx

Gildir til: xx.xx 20xx

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, matvälalögum nr. 93/1995 m.s.br. og laga nr. 61/2013 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim, hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi á landi.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Farið skal eftir fylgiskjali I um starfsmannabúðir, II Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi III starfsleyfisskilyrði fyrir viðgerðarverkstæði eigin véla og fylgiskjali. V Innra eftirlit
VI Góðir starfshættir í matvælafyrirtæki

Vatnsveita og fráveita fyrir starfsemina skulu uppfylla kröfur neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 og reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 sem og reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999. Um meðferð úrgangs og spilliefna skal farið að reglugerðum meðferð úrgangs nr. 805 og 806/1999.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Ef starfsemin flytur eða eigendaskipti verða fellur starfsleyfið úr gildi. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Starfsleyfishafi skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemin og rekstur sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

Við lok starfseminnar skal fjarlægja öll mannvirki, grunna, lagnir o.p.h. úr og af jörðu og kalla Heilbrigðiseftirlit til úttektar u.p.b er frágangi lýkur. Úrgangi skal fargað í samræmi við reglur þar um og ganga frá landi í samræmi við kröfur sveitarfélags og landeigenda.

Framsal leyfis er óheimilt. Leyfið gildir meðan á starfseminni stendur, þó ekki lengur en til fjögurra ára.

Bolungarvíkxx.xx. xxxx

Anton Helgason
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR starfsmannabúðir

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Reglug. nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfið gildir fyrir starfsmannabúðir. Starfsmannabúðir eru færðanlegt húsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.	941/2002 7. gr.	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002 13. gr. og 14. gr.	
1.3 Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabúða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.	941/2002 26. gr.	
1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 7. gr.	
1.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14 gr.	
1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002 13. gr. og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Reglug. nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Um starfsmannabúðir gilda sömu ákvæði og um íbúðarhúsnæði að svo miklu leyti sem við á.	941/2002 14. gr. og 26.gr.	
2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14. gr.	
2.3 Í hverju rúmi í svefnrými skal vera dýna, a.m.k. 2m á lengd og 90cm breið. Gólfhlötur í svefnrými skal vera minnst 4m ² á manni. Lofthæð í starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m. Það skal að minnsta kosti vera eitt salerni og ein baðaðstaða fyrir hverja 10 íbúa.	941/2002 26. gr.	
2.4 Greiður aðgangur skal vera að salerni, handlaugum og baðklefa með baðtækjum. Salernirsými skal vera loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Gerð salerna	941/2002 26.gr. og 15. gr.	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggtingarreglugerðar.		
2.5 Læst og lofræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.	
2.6 Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum að hætta sé á grjóthruni eða ofanflóði, eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.	941/2002 26. gr.	

3. Hávaði

	Reglug. nr.	Uppfyllit
3.1 Fara skal eftir reglugerð um hávaða eftir því sem við á.	724/2008	

4. Matvæli

	Reglug. nr.	Uppfyllit
4.1 Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 852/2004	
4.2 Eldhús skal fullnægja ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla eftir því sem við á.	941/2002 26. gr.	

5. HREINLÆTI OG ÞRIF

	Reglug. nr.	Uppfyllit
5.1 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14. gr.	
5.2 Eigandi eða umráðamaður skal sjá til þess að starfsmannabúðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.	941/2002 14. gr. og 18.gr.	
5.3 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

	Reglug. nr.	Uppfyllit
6.1 Í starfsmannabúðum skulu vera húsreglur sem kynna helstu öryggisatriði í sambandi við hýbýlin og umhverfið. Upplýsa skal starfsfólk um að vatn getur orðið allt að 80° heitt og varúðar skal gætt við notkun á heitu batni. Einnig skal kynna neyðarnúmerið 112 og eftir atvikum hvar hægt er að leita aðstoðar. Tungumál skal vera eins og þörf er á.	941/2002 9. gr. og 14.gr.	
6.2 Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur í hýbýlum.	941/2002 14. gr.	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

6.3 Þar sem búast má við umgengni barna skulu lyf og hættuleg efni geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	941/2002 37. gr.	
--	---------------------	--

7. UMHVERFISMÁL

	Reglug. nr.	Uppfyllt
7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. gr. og 18.gr.	
7.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitafélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	169/2002 5. gr.	
7.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til því að hættuleg efni til því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavörum.		
7.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/2002.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.,
- reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.,
- reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003,
- reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.,
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja,
- reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni,
- lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
- lögum nr. 93/1995 um matvæli,
- reglugerð 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli
- reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn m.s.br..
- lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
- reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
- byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

8. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
Starfleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

9. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
9.1 Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
9.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysa hættu.	737/2003	
9.3 Gánum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
9.4 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

10. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr. Uppfyllt

10.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
10.2	Hafa skal olíugildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
10.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.	550/2018	
10.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
10.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
10.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.	798/1999 5. gr.	

11. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

Rgl.nr. Uppfyllt

11.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
11.2	Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steyptu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíuskilju.	884/2017	
11.3	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsoli í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd sampykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
11.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegaum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og að við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
11.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

12. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr. Uppfyllt

5.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Purrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR efnistöku

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna úr malar-, vikur-, grjót- og sandnánum, þ.m.t. hörpun og grófvinnslu efnis.	550/2018 5. gr.	
1.2 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3 Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkta notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.	550/2018 6. gr.	
1.4 Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðiseftirliti upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirfara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiri háttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfishafa er jafnframt skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði rekstraraðila í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.	550/2018	
1.6 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.	550/2018 8. gr.	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

1.7	<p>Starfsleyfishafi hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjöldi efnistökustaða, hnitsett staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.• Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í nánum sem starfsleyfið nær til.• Fjöldi olítanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.• Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.• Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.• Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila. <p>Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.</p>	550/2018, 8. gr. og 57. gr.	
-----	---	-----------------------------------	--

2. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.	884/2017 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Gæta skal ítrstu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð.	884/2017 59. gr., rgl. nr. 550/2018 55. gr., lög nr. 75/2000 og lög nr. 55/2012	
2.3	Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.	884/2017	
2.4	Olítankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olítankar	884/2017	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

skulu búnir yfirfyllingarviðvörur eða yfirfyllingarvörn. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykkis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olítanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.		
2.5 Díselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.	884/2017	
2.6 Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurolíum á svæðinu.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
2.7 Úrgangsolía, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnunum ásamt málningu, málningaráfgögum og smurolíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.	806/1999 5. gr.	
2.8 Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017, með síðari breytingum.	884/2017	
2.9 Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.	550/2018 8. gr.	

3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	737/2003 og rgl. nr. 550/2018	
3.2 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námur – efnistaka og frágangur, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002	550/2018	
3.3 Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.	737/2003 11. gr.	
3.4 Starfsleyfishafi skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.	737/2003 11. gr.	

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

3.5	Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.	724/2008 og rgl. nr. 787/1999	
3.6	Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu bryñustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.	8/2009	
3.7	Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.	796/1999	
3.8	Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlalaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar ¹ nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
3.9	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags.	798/1999 5. gr.	
3.10	Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.	510/2018	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 75/2003 um brunavarnir, lögum nr. 55/0212 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, auglysing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

¹ Gefin út af þáverandi stofnun (Hollstuverndar ríkisins)